

L Ö G

um breyting á sjómannalögum, nr. 67 31. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að framselja eða veðsetja samningsbundnar dánarbætur, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótagreiðslu til opinberra gjalda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

21. maí 1969.

Nr. 54.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1967.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1967 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

Innborganir:		Áætlun:	Reikningur:
1. Tekjur samkvæmt	2. gr. fjárlaga	kr. 4 113 800 000.00	kr. 4 408 919 516.11
2. — —	3. — A. — —	558 350 000.00	— 640 824 945.79
3. Tekjur samkvæmt	3. gr. B. fjárlaga	kr. 75 000.00	kr. 570 117.54
4. — —	4. — — —	8 000 000.00	— 59 555 410.27
5. — —	5. — — —	25 000 000.00	— 25 402 166.89
6. Eignahreyfingar	skv. 20. gr. fjárlaga	— 6 100 000.00	— 339 229 098.93
Mismunur			— 208 951 352.94
		kr. 4 711 325 000.00	kr. 5 683 452 608.47